

**Aðalfundur foreldra og kennarafélags Hvolsskóla
16.apríl 2007**

Guðlaug formaður setur fund og bíður fólk velkomið.

Guðlaug byrjar á að segja hverjir eru í stjórn félagsins Guðlaug Ósk Svansdóttir formaður, Kristín Hrefna Leifsdóttir ritari, Poulá Kristín Buch gjaldkeri, Halla Bjarnadóttir, Steingerður Stella Sigbórsdóttir, Jónas Bergmann Magnússon fyrir kennara og Unnar Þór Böðvarsson skólastjóri. Varamenn eru Brynja Þóra Hreinsdóttir og Hrafnhildur Sigurðardóttir.

Úr stjórn ganga nú Guðlaug Ósk Svansdóttir formaður, Kristín Hrefna Leifsdóttir ritari og Steingerður Stella Sigbórsdóttir sem hefur beðist lausnar úr stjórn.

Guðlaug fer lauslega yfir starfið í vetur.

Starfið byrjaði í haust á framhaldsaðalfundi til að setja í gegn lagabreytingar, voru þær ekki samþykktar en ákveðin sátt náðist til að vinna eftir í vetur.

Í jólamánuðurinn var mikið um að vera, vel heppnað jólaföndur og jólaball sem við héldum í samstarfi við leikskólann Örk og kvenfélögunum í Fljótshlíð og Hvolsvelli.

Guðlaug fer yfir helstu fræðslufundi sem félagið hefur staðið að í vetur s.s fyrirlestur Hugo Þórissonar sálfræðings um samskipti foreldra og barna, fræðslufund um átröskunarsjúkdóma sem formaður samtakanna Spejillinn stóð fyrir og fyrirlestur Önnu Margrétar Sigurðardóttur um netöryggi barna.

Vorhátíð skólans verður haldin 11 maí, hún verður með hefðbundnu sniði, andlitsmálning, grill, tertuhlaðborð og fleira.

Guðlaug segir frá því að við áttum tvo fulltrúa á fulltrúapingi sem Heimili og Skóli hélt í vor, þær Brynju sem situr í varastjórn félagsins og Kristínu Hrefnu.

Inn í foreldraráð komu nýir meðlimir þær Berglind Gunnarsdóttir og Harpa Viðarsdóttir og hefur Guðlaug nefnt við þær samstarf á milli foreldraráðs og foreldrafélags.

Guðlaug nefnir að það hafi komið fram í fyrirlestri í fyrra sem hét Tölum saman, að krökkunum fannst vanta smokkasjálfsala í þorpið og hefur foreldrafélagið athugað það. Ætla foreldraféagið að leita að styrktaraðila til að fáfesta í smokkasjálfsala, og mun hann verða staðsettur í Hlíðarenda.

Guðlaug nefnir hvort ekki væri sniðugt að athuga hvort ekki væri hægt að fá næringarráðgjafa til að koma og halda fyrirlestur fyrir nemendur, kennara og starfsfólk mótuneyta. Ákveðið hefur verið að leita til sveitafélagsins um styrk fyrir þessu og ráðgert að gera það í haust.

Poulá fer yfir reikninga félagsins.

Ársreikningur
Foreldra-og Kennarafélags Hvolsskóla
1 Apríl 2006 – 13 Apríl 2007.

Rekstrarreikningur

Tekjur:

Árgjöld félagsmanna	145,600
Innk. v/jólafondurs	173,780
Innk. v/jólaballs	13,107
Innk. v/vorhátíðar	175,624
Styrkir	130,000
Vaxtatekjur	9,075

Samtals	647,186

Gjöld:

Innb. v/leiktækis	300,000
Kostn. v/jólafondurs	134,376
Kostn. v/jólaballs	27,433
Kostn. v/vorhátíðar	31,641
Fyrirlestrar	109,280
Auglýsingakostn.	46,459
Ritföng og veitingar	10,760
Póstburðargjöld	9,240
Bankakostn	1,974
Fjármagnstekjusk.	905

Samtals	672,068
Tekjur samtals	647,186
Gjöld samtals	672,068

Umfram gjöld	24,882

Efnahagsreikningur

Eignir:

Inneign á ávísanareikn. nr.1834	111,732
Inneign á kjörbók. nr. 61158	3,758

Samtals eignir	115,490
Höfuðstóll í byrjun starfsárs	140,372
Gjöld umfram tekjur	24,882

Eigið fé samtals	115,490

Önundarhorni
16.apríl 2007 _____

Poula Kristín Buch

Ég undirrituð hef endurskoðað reikninga og kannað
Innistæður á ávísanareikningi og kjörbók.
Tel ég reikningana vera rétta.

16.apríl 2007 _____

Guðbjörg Júlíadóttir

Ársreikningarnir eru samþykktir.

Guðlaug talar um að formaður og ritari fari úr stjórn í vor. Guðlaug spyr Guðmundu Þorsteinsdóttir hvort hún sé tilbúin að taka við formensku félagsins og hún samþykkir það. Þórunn Óskarsdóttir gefur kost á sér sem ritari. Það er samþykkt með lófaklappi. Þar sem Steingerður Stella Sigþórsdóttir

hefur beðist lausnar úr nefndinni er stungið upp á Stefáni Steinssyni og samþykkir hann það og er það samþykkt með lófaklappi.

Kosið var um varamann í nefndina og þar sem engin gaf kost á sér spurði Guðlaug hvort ritari, Kristín Hrefna Leifsdóttir starfaði áfram sem varamaður í félaginu og var það samþykkt.

Einnig er kosið um fulltrúa í skólanefnd og hafa Guðmunda og Poula samþykkt að skipta með sér fundarstörfum.

Tveir endurskoðendur verða að vera og mun Guðbjörg Júlíadóttir sitja áfram og Jóna Sigþórsdóttir koma inn sem endurskoðandi félagsins.

Næst á dagskrá er að fara yfir tillögur að lagabreytingu og fá allir fundargestir afrit af núgildandi lögum og tillögur að lagabreytingu. Guðlaug fer yfir lögin og breytingar

Lög foreldra- og kennarafélags Hvolsskóla

1.gr.

Félagið heitir Foreldra og kennarafélag Hvolsskóla. Félagar eru allir forráðamenn nemenda í skólanum og kennarar skólans. Einnig eru aðrir velunnar skólans velkomnir.

2.gr.

Markmið félagsins er að vinna að heil og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna og að auka samband og skilning milli heimila og skóla. Markmiði sínu hyggst félagið ná með því m.a. að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum, að koma á umræðufundum um skóla og uppeldismál almennt í samráði við skólann, að fjalla um félagslega aðstöðu barna í skólahverfinu.

3.gr.

Stjórn félagsins skipa 5 manns, 3 úr hópi foreldra, foreldrafulltrúar eru kosnir a aðalfundi, einn annað árið og 2 hitt árið. Fulltrúi kennara kosin á kennarafundi í byrjum skólaárs og skólastjóri. Varamenn skulu kjörnir í sömu hlutföllum og aðalmenn. Stjórnin skiptir með sér verkum og skal formaður vera úr hópi foreldra. Stjórnin skal halda a.m.k. 2 fundi árlega. "Fulltrúaráð skal skipað tveim félagsmönnum úr hverri bekkjadeild og verði kosið á kynningarfundunum að hausti."

Stjórnin fylgist með starfi skólans og stafsáðstöðu, undirbýr og boðar a.m.k. 2 félagsfundi á vetri og afgreiðir samþykktir þeirra.

Breyting á 3.gr. samþykkt á framhaldsaðalfundi 4.okt.2006

Stjórn félagsins skal skipuð fimm forráðamönnum barna skólans og tveimur varamönnum. Stjórnin skal skipuð formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Ritari gegnir jafnframt hlutverki varaformanns. Formaður skal kosinn sérstaklega. Aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn annað árið og þrjú hitt árið. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá Eyjafjöllum, Fljótshlíð, Landeyjum og tveimur frá Hvolsvelli, til að efla sameiningu skólanna. Kjósa skal einn fulltrúa foreldra í skólanefnd og einn varamann, til tveggja ára í senn.

4.gr.

Aðalfund skal halda í mars ár hvert og telst fundurinn löglegur ef til hans er boðað með minnst þriggja daga fyrirvara. Á dagskrá hans skal vera meðal annars. ný stjórn tekur til starfa 1.ágúst.

- skýrsla formanns um starfsemi félagsins á liðnu ári
- gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga og gerir grein fyrir þeim
- stjórnarkosning
- kosnir tveir endurskoðendur
- önnur mál

5.gr.

Félagsstjórn skal ekki hafa afskipti á vandamálum sem upp kunna að koma milli einstaka foreldra og starfsmanna skólans.

6.gr.

Aðalfundur skal ákveða árgjald til félagsins.

7.gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

8.gr.

Lög þessi öðlast gildi við stofnun félagsins.

Drög að lagabreytingu

1.gr.

Félagið heitir Foreldrafélag Hvolsskóla. Félagar eru allir forráðamenn nemenda í skólanum, einnig eru aðrir velunnarar skólans velkomnir.

2.gr.

Markmið félagsins er að vinna að heil og hamingju nemenda skólans og styrkja skólann í hvívetna og að auka samband og skilning milli heimila og skóla. Markmiði sínu hyggst félagið ná með því m.a. að veita skólanum aðstoð vegna ákveðinna verkefna og starfa í skólanum, að koma á umræðufundum um skóla og uppeldismál almennt í samráði við skólann, að fjalla um félagslega aðstöðu barna í skólahverfinu.

3. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 manns úr hópi foreldra, foreldrafulltrúar eru kosnir á aðalfundi, 3 annað árið og 2 hitt árið. Varamenn skulu kjörnir í sömu hlutföllum og aðalmenn. (leitast verður við að í stjórn félagsins séu foreldrar víðs vegar að úr sveitarfélaginu). Stjórnin skipti með sér verkum. Stjórnin skal halda a.m.k. 2 fundi árlega. Stjórnin fylgist með starfi skólans og starfsaðstöðu, undirbýr og boðar a.m.k. 2 félagsfundi á vetri og afgreiðir samþykktir þeirra. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

4.gr.

Fulltrúaráð skal skipað 3 félagsmönnum úr hverri bekkjadeild og sér stjórnin um þá skipun. Hlutverk fulltrúaráðs er að stuðla að góðu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan bekkjarins. Fulltrúaráð vinnur með stjórn félagsins.

5.gr.

Aðalfund skal halda fyrir 15. september ár hvert og telst fundurinn löglegur ef til hans er boðað með minnst þriggja daga fyrirvara. Ný stjórn tekur til starfa frá og með aðalfundi.

Á dagskrá hans skal vera meðal annars:

- a) Skýrsla formanns um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- b) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga og gerir grein fyrir þeim, uppgjörsárið er frá 1. ágúst.
- c) Stjórnarkosning
- d) Kosnir tveir endurskoðendur
- e) Kosinn fulltrúi foreldra í grunnskólanefnd
- f) Önnur mál

6.gr.

Félagsstjórn skal ekki hafa afskipti af vandamálum sem upp kunna að koma milli einstaka foreldra og starfsmanna skólans.

7.gr.

Aðalfundur skal ákveða árgjald til félagsins.

8.gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

9.gr.

Lög þessi öðlast gildi við stofnun félagsins.

Samþykkt að hækka árgjaldið úr 1300 kr í 1500 kr.

Kosið er um lagabreytingu.

Samþykktir lagabreytingu eru 15 og 5 sátu hjá. **Lagabreyting er samþykkt.**

Önnur mál

Guðlaug nefnir að gott væri að efla samstarf við foreldrafélög í nærliggjandi sveitarfélögum sérstaklega með að fá góða fyrirlesara.

Unnar veltir því fyrir sér hvort stjórnin sem nú er sitji fram að 15. september eða hvort ný stjórn taki til starfa strax. Ákveðið var að núverandi stjórn sitji til 15. september og mun þá ný stjórn taka við.

Unnar Þór vill koma að þökkum sérstaklega því fólki sem starfað hefur í gegnum árin með foreldra- og kennarafélagi skólans að góðu samstarfi í gegnum árin.

Halldóra Kristín talar um að hún var stofnfélagi í foreldra- og kennarafélagi. Hún vilji taka fram að síðustu tvo aðalfundi hafi verið ýjað að því að allt starfið sé á réttri leið með félagið sem ekki hafi verið áður, nú les hún gamla auglýsingu frá félaginu sem vann gott starf. Hún segir að í gegnum tíðina hefur verið unnið gott starf og ekki þurfi að bjarga félaginu.

Guðlaug þakkar þeim Unnari og Halldóru fyrir góð orð.

Unnar vil vita að hvort ný stjórn klári starfsárið og vinni saman að vorhátíð eða hvort gamla stjórnin klári starfsárið. Unnar hefur áhyggjur af hvernig samstarfið verði í framtíðinni og að funda þurfi fyrir vorhátíð.

Fundi slitið.

Halldóra Kristín og Efemía eru með kynningu um ferðina sem kennarar og starfsmenn fóru til Bandaríkjanna í námsferð um páskana fyrir fundargesti.

Kristín Hrefna Leifsdóttir.

